

## Söngdagskrá Ísaksskóla 2024-2025

### 16.-20. september

#### **Haustvísa**

#### **Meistari Jakob (íslensku & spænsku)**

Skólasöngur

Stingum af

Vér göngum svo léttir í lundu

Nú blánar yfir berjamó

### 23.- 27. september

Evrópski tungumáladagurinn 26. sept,

Regnbogadagur 27. sept

#### **Enga fordóma**

#### **Meistari Jakob (ensku & frönsku)**

Haustvísa

Skólasöngur

Stingum af

### 30. september - 4. október

#### **Smávinir fagrir**

#### **Hljóðnar nú haustblær**

Burtu með fordóma

Haustvísa

Meistari Jakob

### Haustvísa

Belgískt lag

Ljóð: Herdís Egilsdóttir þýddi úr sænsku

Hvert er horfið laufið sem var grænt í gær?

Þótt ég um það spyrji verð ég engu nær.

Blöðin grænu hafa visnað, orðin gul og rauð.

Ef ég horfi miklu lengur verður hríslan auð.

### Meistari Jakob

Lag og ljóð: Höfundur ókunnur, frönsk vísa

Meistari Jakob, meistari Jakob,

sefur þú, sefur þú?

Hvað slær klukkan? Hvað slær klukkan?

Hún slær þrjú. Hún slær þrjú.

Fray Felipe, Fray Felipe,

¿Duermes tú? ¿Duermes tú?

Toca la campana, toca la campana.

Tan, tan, tan. Tan, tan, tan.

Are you sleeping? Are you sleeping?

Brother John? Brother John?

Morning bells are ringing,

morning bells are ringing.

Ding, dang, dong! Ding, dang, dong!

Frère Jacques

Frère Jacques

Dormez-vous?

Dormez-vous?

Sonnez les matines

Sonnez les matines

Ding, ding, dong! Ding, ding, dong!

## **Enga fordóma**

Lag: Heiðar Örn Kristjánsson  
Ljóð: Haraldur F. Gíslason og Heiðar Örn Kristjánsson

Lífið er of stutt  
Fyrir skammsýni  
Úr vegi skal nú rutt  
Allri þröngsýni

Hlustið undireins  
Inn við bebebebebebe ...  
beinið erum við eins  
Og það bobobobobo-borgar  
Sig að brosa

*Burtu með fordóma  
Og annan eins ósóma  
Verum öll samtaka  
Þið verðið að meðtaka  
Þótt ég hafi talgalla  
Þá á ekki að uppnefna  
Þetta er engin algebra  
Öll erum við eins*

Hey! Hvort sem þú ert stór  
eða smávaxin  
Hvort sem þú ert mjór  
eða feitlaginn

Hlustið undireins  
Inn við bebebebebebe ...  
beinið erum við eins  
Og það bobobobobo-borgar  
sig að brosa

*Burtu með fordóma ...*

## **Smávinir fagrir**

Lag: Atli Heimir Sveinsson  
Ljóð: Jónas Hallgrímsson

Smávinir fagrir, foldarskart,  
fífill í haga, rauð og blá  
brekkusóley! vér mættum margt  
muna hvurt öðru' að segja frá;  
prýði þér lengi landið það  
sem lifandi guð hefir fundið stað  
ástarsælan, því ástin hans  
alls staðar fyllir þarfir manns.

## **Hljóðnar nú haustblær**

Úkraínskt þjóðlag  
Ljóð: Sigríður I. Þorgeirsdóttir

Hljóðnar nú haustblær húsið við rótt,  
dvelur við dyrnar drungaleg nótt.  
Fljúga þá fuglar flestir sinn veg,  
kvakandi kvíðnir kvöldljóðin treg.

Svífur burt sumar sólar í lönd,  
kveður létt kossi klettótta strönd.  
Ljósu frá landi, leysir sitt band,  
byltist þung bára, bláan við sand.

## **Nú blánar yfir berjamó**

Lag: Schulz  
Ljóð: Guðmundur Guðmundsson

Nú blánar yfir berjamó  
og börnin smá í mosató  
og lautum leika sér.  
Þau koma, koma kát og létt,  
á kvikum fótum taka sprett  
;: að tína, tína ber ;:;

En heima situr amma ein,  
að arni hvílir lúin bein,  
og leikur bros um brá.  
Er koma þau með kórfur inn  
og kyssa ömmu á vangann sinn  
;: og hlæja berjablá ;:;

## Stingum af

Lag og ljóð: Mugison

Það er andvökubjart,  
himinn – kvöldsólarskart,  
:,: finnum læk, litla laut,  
tínum grös, sjóðum graut. :,:

Finnum göldróttan hval  
og fyndinn sel í smá dal,  
:,: lækjarnið, lítinn foss,  
skeinusár, mömmukoss. :,:

*Stingum af  
í spegilsléttan fjörð,  
stingum af,  
smá fjölskylduhjörð,  
senn fjúka barnaár  
upp í loft, út á sjó,  
verðmæt gleðitár,  
elliró, elliró.*

Hoppum út í bláinn,  
kveðjum stress og skjáinn,  
:,: syngjum lag, spilum spil,  
þá er gott að vera til. :,:

Tínum skeljar fjallagrös  
látum þabba blása úr nös,  
:,: við grjótahól í feluleik,  
á hleðslu, lambasteik. :,:

*Stingum af  
í spegilsléttan fjörð  
stingum af,  
smá fjölskylduhjörð,  
senn fjúka barnaár  
upp í loft, út á sjó,  
verðmæt gleðitár,  
elliró, elliró.*

## Vér göngum svo léttir í lundu

Lag: Felix Körling

Ljóð: Freysteinn Gunnarsson

Vér göngum svo léttir í lundu,  
því lífsgleðin blasir oss við.  
Við lifum á líðandi stundu,  
við lokkandi söngvanna klið.  
Tra-ra-la-la- - - -

Vér göngum og syngjum hér saman,  
því söngurinn hann er vort mál,  
og nú verður glaumur og gaman,  
nú gleðjist hver einasta sál.  
Tra-ra-la-la- - - -

## Skólasöngur

Lag og ljóð: Björk Sigurðardóttir

Samið í tilefni af 90 ára afmæli Ísaksskóla árið  
2016

Með fjör í augum, framtíð bjarta,  
fyrir en varir byrja  
lítil börn með lungu og hjarta  
að leika sér og spyrja.  
Í skóla fá þau svör og starf,  
söng og gleði skarta,  
visku, dyggð og von í arf,  
í veganesti að narta.

*„Lífið er eins og lækur  
sprækur,  
lesum fleiri og fleiri bækur.  
Lífið er eins og lækur sprækur,  
lesum fleiri bækur.“*

Börnin ná í boltann sinn,  
bjallan var að hringja,  
úr frímínútum flykkjast inn  
og fara svo að syngja.  
Þau langar til að líða vel,  
lesa, skrifa og reikna,  
fá vinskap, hlýju og vinabel,  
í vinnubækur teikna.

*„Lífið er eins og lækur sprækur,  
lesum fleiri og fleiri bækur.  
Lífið er eins og lækur sprækur,  
lesum fleiri bækur.“*